

**SUMARTÓNLEIKAR
2019
SUMMER CONCERTS**



**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Sigurjón Ólafsson Museum**



ÞRIÐJUDAGINN 2. JÚLÍ KL. 20:30

Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, **Helga Bryndís Magnúsdóttir** píanó og **Trausti Jónsson** veðurfræðingur. **Upphafsár íslenska einsöngslagsins**. Flutt verða lög eftir nokkra brautryðjendur frá upphafsárum íslenska einsöngslagsins kringum aldamótin 1900, svo sem Jónas og Helga Helgasyni, Árna Beintein Gíslason, Bjarna Þorsteinsson, Árna Thorsteinsson, Sigfús Einarsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Jón Laxdal. Trausti Jónsson veðurfræðingur flytur inngang.

TUESDAY JULY 2ND AT 8:30 PM

Bylgja Dís Gunnarsdóttir soprano and **Helga Bryndís Magnúsdóttir** piano, introduction by **Trausti Jónsson**.

The early Years of the Icelandic Song. Program including well-known and as well as virtually unknown songs with piano by some of the pioneers of Icelandic composers from the turn of the century 1900.



ÞRIÐJUDAGINN 9. JÚLÍ KL. 20:30

Agnes Thorsteins mezzósópran og **Eva Þyri Hilmarsdóttir** píanó.

Rómantik við hafið. *Frauenliebe und -leben* eftir Robert Schumann við ljóð eftir Adelbert von Chamisso lýsir upplifun ungrar stúlku sem kynnist ástinni í fyrsta sinn. Richard Wagner samdi ljóðaflokkinn *Wesendonck-Lieder* áður en hann samdi hina frægu óperu

Tristan und Isolde enda má þar heyra mörg stefjanna úr ljóðaflokknum. Hann tileinkaði höfundu ljóðanna, Mathilde Wesendonck, tónlistina.

TUESDAY JULY 9TH AT 8:30 PM

Agnes Thorsteins mezzo-soprano and **Eva Þyri Hilmarsdóttir** piano.

Romanticism at the Ocean Front. *Frauenliebe und -leben* by Robert Schumann to Adelbert von Chamisso's poem which describes a young girl's experience of first love. Richard Wagner composed *Wesendonck-Lieder* to five poems by Mathilde Wesendonck while working on his opera Tristan and Isolde. Some of the themes can be heard in both works.

ÞRIÐJUDAGINN 16. JÚLÍ KL. 20:30

Sólveig Sigurðardóttir sópran og **Gerrit Schuil** píanó.

„Ég var sælust allra í bænum“.

Fluttar verða aríur og sönglög, meðal annars eftir Hugo Wolf, Richard Strauss, Francesco Tosti, Wolfgang A. Mozart og Gioachino Rossini, sem fjalla um gleði og sælu augnablikanna sem maður á með þeim sem maður elskar, og sorgina og söknuðinn sem maður finnur ef maður missir hann eða ástin er ekki endurgöldin.

TUESDAY JULY 16TH AT 8:30 PM

Sólveig Sigurðardóttir soprano and **Gerrit Schuil** piano.

“I was the happiest girl in town”. Songs and arias by Hugo Wolf, Richard Strauss, Francesco Tosti, Wolfgang A. Mozart and Gioachino Rossini - among others - about the blissful moments you have with the one you love, and the sorrow of lost or unrequited love.



ÞRIÐJUDAGINN 23. JÚLÍ KL. 20:30

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran, **Oddur Arnþór Jónsson** barítón og **Guðrún Dálía Salómonsóttir** píanó.

Hrifning og höfnun. Dúettar og einsöngslög eftir Brahms, Schubert og Schumann um hrifningu - og höfnun.

TUESDAY JULY 23RD AT 8:30 PM

Hildigunnur Einarsdóttir mezzo-soprano, **Oddur Arnþór Jónsson** baritone and **Guðrún Dálía Salómonsóttir** piano.

Attraction and Rejection. Duets and songs by Brahms, Schubert and Schumann expressing attraction - and rejection.

**ÞRIÐJUDAGINN 30. JÚLÍ
KL. 20:30**

Kristín Einarsdóttir Mäntylä mezzosópran, **Ágúst Ólafsson** barítón, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Hólmfríður Sigurðardóttir** píanó og **Eva Þyri Hilmarsdóttir** píanó, ásamt afkomendum **Viktors Urbancics**, **Michael Kneihs** píanó, **Milena Dörfler** fiðla og **Simon Dörfler** selló.



Svipmynd af tónskáldinu Viktor Urbancic. Viktor Urbancic flutti til Íslands 1938 og vann ómetanlegt starf í uppbyggingu tónlistarlífs hér á landi. Flutt verða verk eftir hann sem sjaldan eða aldrei hafa heyrst á Íslandi.

TUESDAY JULY 30TH AT 8:30 PM

Kristín Einarsdóttir Mäntylä mezzo-soprano, **Ágúst Ólafsson** baritone, **Hlíf Sigurjónsdóttir** violin, pianists **Hólmfríður Sigurðardóttir** and **Eva Þyri Hilmarsdóttir** and **Viktor Urbancic's** descendants **Michael Kneihs** piano, **Milena Dörfler** violin and **Simon Dörfler** cello.

The composer Viktor Urbancic.

Victor Urbancic moved to Iceland when the Nazi seized power in Austria in 1938, and became one of the leading figures in the classical music scene here. Program consists of his compositions, some of which have never been heard in Iceland.



**ÞRIÐJUDAGINN 6. ÁGÚST
KL. 20:30**

Ísak Ríkharrðsson fiðla, **Martina Zimmerli** selló, **Póra Kristín Gunnarsdóttir** píanó og **Finnur Ágúst Ingimundarson** texti.

Tónlist á stríðstímum. Flutt verða *Sónata fyrir selló og píanó* í d moll eftir Claude Debussy, *Sónata fyrir fiðlu og píanó* FP 119 eftir Francis Poulenc og *Trío nr. 2* í e moll ópus 67 eftir Dmitri Schostakovitch, römmuð inn af textum og bréfum tónskáldanna auk fréttu líðandi stundar.

**TUESDAY AUGUST 6TH
AT 8:30 PM**

Ísak Ríkharrðsson violin, **Martina Zimmerli** violoncello, **Póra Kristín Gunnarsdóttir** piano and

Finnur Ágúst Ingimundarson narrator.

Music in Times of Conflict. Debussy's cello sonata, Poulenc's violin sonata and Shostakovich's piano trio no. 2, performed with the composers' texts and letters together with the news of today.

**ÞRIÐJUDAGINN 13. ÁGÚST
KL. 20:30**

Hlín Pétursdóttir Behrens sópran og **Ögmundur Þór Jóhannesson** gítar.

Með sól í hjarta. Íslensk tónlist, þjóðlagagátsetningar og nýrri verk, römmuð inn af tónlist frá Bretlandseyjum, Spáni og Brasilíu. Tónverk eftir Britten, Garcia-Lorca, de Falla, Villa-Lobos, Þorkel Sigurbjörnsson, John Speight, Jóhann G. Jóhannsson, Stefán Þorleifsson, Þorstein Gunnar Friðriksson, Þuríði Jónsdóttir og Ólöfu Arnalds.

TUESDAY AUGUST 13TH AT 8:30 PM

Hlín Pétursdóttir Behrens soprano and **Ögmundur Þór Jóhannesson** guitar.

The Sun in our Hearts. A program of Icelandic folk song arrangements and more recent compositions as well as music from the British Isles, Spain and Brazil. Music by Britten, Garcia-Lorca, de Falla, Villa-Lobos, Þorkell Sigurbjörnsson, John Speight, Jóhann G. Jóhannsson, Stefán Þorleifsson, Þorsteinn Gunnar Friðriksson, Þuríður Jónsdóttir and Ólöf Arnalds.





Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópransöngkona útskrifaðist frá The Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow með meist-aragráður í tónlist og óperuflutningi. Síðan þá hefur hún sungið óperuhlutverk, bæði hér heima og erlendis, meðal annars með Íslensku óperunni, Norsku óperunni, Clonter Opera Theatre, RSAMD, Norðurópi og Óp-hópnum. Árið 2010 vann Bylgja Dís til fyrstu verðlauna í Barry Alexander International Vocal Competition og söng á verðlauna-tónleikum í Carnegie Hall í New York.

Bylgja Dís hefur haldið fjölda einsöngs-tónleika og komið fram með Royal Scottish National Orchestra og Sinfóníuhljómsveit

unga fólksins. Nýlega söng Bylgja Dís hlutverk *Sentu* í rokkuppfærslu Norðuróps á Hollendingnum fljúgandi og sópranhlutverkið í frumflutningi á Lúterskantötu eftir Eirík Árna Sigtryggsson með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og kórum Kjalarnessprófastsdæmis. Fyrir tónleika hennar í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni var Bylgja Dís tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngkona ársins 2017 í flokki klassískrar og sam-tíma tónlistar.

Bylgja Dís Gunnarsdóttir soprano studied at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and later at the Royal Scottish Academy of Music and Drama in Glasgow where she received her Master's degree in Music in 2006, and a year later in Opera.

Bylgja Dís has appeared on the opera stage with the Icelandic Opera, Norðuróp, Óphópurrinn, Clonter Opera Theater and British Youth Opera. Her roles include *Lauretta* in Gianni Schicchi, *Tatyana* in Eugene Onegin, *Donna Anna* in Don Giovanni, *Flora* in La Traviata, *Giovanna* in Rigoletto, *Tosca*, *Suor Angelica*, *Senta* in Der fliegende Holländer, *Brünnhilde* in Die Walküre and *Elisabeth* in Don Carlo. Bylgja has also sung with orchestras such as the Royal Scottish National Orchestra, and this autumn she will appear with the Iceland Symphony Orchestra. In 2017 she was nominated for the Icelandic Music Award as the Classical Singer of the Year.



Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari lauk einleikara- og kennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, undir leiðsögn Jónasar Ingimundarsonar og stundaði síðan framhaldsnám við Konservatoríið í Vínarborg og Sibeliusakademíuna í Helsinki. Hún hefur haldið fjöl-marga einleikstónleika, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík og

hún var fengin til að leika einleik í beinni sjónvarpsútsendingu í samnorrena spurningapættinum Kontrapunkti. Þá hefur hún leikið einleik með hljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, píanókonserta eftir Ravel, Poulenc, Brahms, Gershwin og J.S. Bach. Hún hefur komið fram sem meðleikari með mörgum fremstu söngvur-um og hljóðfæraleikurum landsins, hljóðritað marga geisladiska og tekið upp fyrir útvarp og sjónvarp í samstarfi við aðra. Á síðasta ári kom út geisladiskur þar sem hún leikur einleiksverk eftir Robert Schumann.

Helga Bryndís er meðlimur í Caput hópnum og hefur leikið með honum víða hérlendis sem erlendis og inn á geisladiska. Hún starfar sem píanóleikari við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólana í Kópavogi og Reykjanesbæ.

Helga Bryndís Magnúsdóttir enjoys a varied career as concert pianist, chamber musician and teacher. She has performed as soloist with orchestras such as the Iceland Symphony Orchestra, and appeared at festivals such as the Reykjavík Arts Festival, performing concerts by Ravel, Poulenc, Brahms, Gershwin and J.S. Bach. She performed live on the Nordic television program *Kontrapunktur* broadcasted across Scandinavia. Recently she released her CD performing solo piano works by Robert Schumann. As a member of the *Caput* ensemble she has performed throughout Europe and recorded several CDs. She performs and records regularly with many of Iceland's most beloved singers and instrumentalists, in Iceland and abroad.

Helga Bryndís studied the piano at the Reykjavík College of Music before further pursuing her studies in Vienna with Professor Leonid Brumberg, and in Helsinki with Professors Liisa Pohjola and Tuija Hakkila. She holds a position as an accompanist at the Iceland Academy of the Arts and at the music schools of Kópavogur and Reykjanesbær.



Trausti Jónsson er veðurfræðingur að mennt og veit ýmislegt um afkima íslenskrar tónlistarsögu, en kann þó færra á því sviði. Hann hefur sinnt þar ýmsum verkum á fáförnum slóðum og meðal annars gerði hann, fyrir rúmum þremur áratugum, fjölmarga tónlistarþætti fyrir útvarpið. Hann er stjórnarmaður í *Íslenska einsöngslaginu ehf.* og hefur um áratuga skeið smurt útgáfu á íslenskum einsöngslögum og endurútgáfu á íslenskum sönghljóðritum.

Trausti Jónsson is a meteorologist, but has for a long time wandered along the fringes of Icelandic music history, especially the so-called art song and early (not so) popular music. About 35 years ago he made about 80 history-related programs on music for the Icelandic State Radio service RÚV.

Að loknu námi í söng og píanóleik við Tónlistarskóla Garðabæjar hélt **Agnes Thorsteins** til Vínarborgar. Hún nam við Universitát für Musik und darstellende Kunst og útskrifaðist með BA-gráðu með láði vorið 2016. Hún hóf meistaranám við sama skóla, en tók sér hlé frá námi er hún fékk atvinnusamning við óperuhúsin Krefeld og Mönchengladbach og í tvö ár starfaði hún við óperustúdíó Niederrhein. Þar söng hún meðal annars *Orfeo* í *Orfeo* og *Evridís*, *Hans* í *Hans* og *Grétu*, *Lola* í *Cavalleria Rusticana*. Meðal annarra hlutverka Agnesar má telja *Marcellinu* og *Cherubino* í *Brúðkaupi Fígarós*, *Sesto* í *La clemenza di Tito*, *Tolomeo* í *Giulio Cesare in Egitto*, *Carmen* í samnefndri óperu og *Grímu* í Þrymskviðu Jóns Ásgeirssonar. Í september 2016 kom hún fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Agnes hefur hlotið fjölda viðurkenninga og styrkja, til dæmis Grand Prix verðlaun í þriðju alþjóðlegu tónlistarkeppninni í Limassol á Kýpur 2015 og Bayreuth-styrkinn frá Wagnerfélagi Íslands 2018. Í haust mun Agnes syngja í 9. sinfóníu Beethovens í Eldborg og á Listahátíð á næsta ári tekur hún þátt í flutningi *Die Walküre* eftir Richard Wagner.

Mezzo-soprano **Agnes Thorsteins** finished her BA degree with distinction from the University of Music and Performing Arts in Vienna in 2016. She was accepted into a Master program, but took a break from her studies after receiving a contract for the Operastudio Niederrhein from combined theaters Krefeld and Mönchengladbach in Germany. Among her roles on the operatic stage are *Orfeo* in *Orfeo ed Euridice*, *Hansel* in *Hansel and Gretel*, *Carmen*, *Lola* in *Cavalleria Rusticana*, *Marcellina* and *Cherubino* in *The Marriage of Figaro* and *Sesto* in *La Clemenza di Tito*. In 2016 Agnes appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra.

Awards and scholarships include the Grand Prix of the International Competition in Cyprus, Scholarship of Marinó Pétursson, Outstanding Musician Scholarship from the Arts- and Culture Management in Kópavogur as well as the famous Bayreuth-Scholarship from the Wagner Society of Iceland in 2018. This fall Agnes will sing in Beethoven's 9th Symphony and she will participate in performing Wagner's *Valkyries* in Reykjavík Arts Festival 2020.



Eva Þyri Hilmarsdóttir lauk prófum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum og Royal Academy of Music í London, en þaðan útskrifaðist hún með hæstu einkunn, hlaut heiðursnafnbótina DipRAM og The Christian Carpenter Piano Prize fyrir framúrskarandi lokatónleika. Helstu kennarar hennar voru Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, John Damgård og Michael Dussek. Auk fjölda einleikstónleika hefur Eva Þyri komið fram sem einleikari með hljómsveit og tekið þátt í frumflutningi íslenskra og erlendra verka, meðal annars

á hátíðunum Myrkum Músíkdögum, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival í Berlín, Young Composers Symposium í London og Óperudögum í Reykjavík. Hún lék einnig á yfir hundrað tónleikum í tónleikaröðinni Pearls of Icelandic Song í Hörpu sem var tileinkuð íslenskum sönglögum.

Í desember 2018 gaf hún út, ásamt Erlu Dóru Vogler, geisladisk með sönglögum Jórunnar Viðar í tilefni 100 ára afmælis hennar, og hlaut hann tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem diskur ársins 2018.

Eva Þyri Hilmarsdóttir studied at the Reykjavík College of Music, the Royal Academy of Music in Aarhus and the Royal Academy of Music in London. There, she graduated with Distinction, and was awarded a DipRAM and the Christian Carpenter Piano Prize for an outstanding final recital. Her teachers were Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, Prof. John Damgård and Michael Dussek. Aside from giving solo recitals, Eva Þyri takes an avid interest in chamber music and Lied and has given numerous first performances of Icelandic and foreign compositions, appearing in festivals such as Dark Music Days in Reykjavík, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival in Berlin, Young Composers Symposium, London and Opera Days in Reykjavík. She also participated in over one hundred recitals dedicated to Icelandic music in the series *Pearls of Icelandic Song* in Harpa concert house.

In December 2018 she and Erla Dóra Vogler, mezzo-soprano, released a CD with works for solo voice and piano by Jórunn Viðar, in celebration of her 100th birthday. The CD was nominated as Album of the Year at the Icelandic Music Award.



Sólveig Sigurðardóttir stundaði nám í píanóleik frá unga aldri og nam óbóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Söngnám hóf hún árið 2006 hjá Jóni Þorsteinssyni við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og lauk prófi í kórstjórn 2009. Hún fór til framhaldsnáms í tónlistarskólann í Utrecht í Hollandi og lauk þaðan B.Mus. gráðu í klassískum söng 2013. Kennarar hennar þar voru Jón Þorsteinsson og Charlotte Margiono. Einnig hefur hún stundað söngnám hjá Hlín Pétursdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík. Vorið 2018 lauk hún meistaraþáttunni í sköpun, miðlun og frum-

kvöðlastarfi (NAIP) frá Listaháskóla Íslands, með söng sem aðalfag. Þá hefur hún tekið þátt í námskeiðum hjá Kristni Sigmundssyni og Gittu-Mariu Sjöberg. Í janúar 2018 hlaut hún önnur verðlaun og áhorfendaverðlaunin í söngkeppninni Vox Domini.

Soprano **Sólveig Sigurðardóttir** studied the piano from a young age. She studied piano and oboe, at the Reykjavík College of Music. In 2006 she started her singing studies with Jón Þorsteinsson at the National Church School of Music in Reykjavík where she received her diploma in Choral Conducting in 2009. She furthered her studies with Jón Þorsteinsson and Charlotte Margiono at the Utrecht Conservatory and graduated with a B.Mus. degree in classical singing in 2013. She has also studied with Hlín Pétursdóttir and Þórunn Guðmundsdóttir at the Reykjavík College of Music. In 2018 she completed her Master's NAIP degree from the Iceland University of the Arts, with singing as her main focus. She has attended master-classes with Kristinn Sigmundsson and Gitta-Maria Sjöberg. Sólveig received 2nd prize at the Vox Domini singing competition in January 2018 and won the audience prize as well.

Píanóleikarinn og hljómveitarstjórinn

Gerrit Schuil fæddist í Hollandi og nam við Tónlistarháskólann í Rotterdam og síðar í London og París. Árið 1978 tók hann þátt í alþjóðlegu námskeiði fyrir hljómveitarstjóra hjá rússneska hljómveitarstjóranum Kirill Kondrashin og naut þess heiðurs að vera nemandi hans. Gerrit hefur leikið á tónleikum víða um Evrópu, Bandaríkin og Asíu og unnið með fjölda söngvara og hljóðfæraleikara. Hann hefur stjórnað mörgum evrópskum og amerískum hljómveitum, á tónleikum, í óperuuppfærslum og fyrir útvarp.



Árið 1993 fluttist Gerrit til Íslands og hefur verið leiðandi í tónlistarlífi hérlendis, haldið fjölda tónleika, stjórnað Sinfóníuhljómsveitum Íslands og Norðurlands, Kammersveit Reykjavíkur og uppfærslum Íslensku óperunnar. Einnig hefur hann skipulagt fjölmargar tónlistarhátíðir og tónleikaraðir og leikið á hljómdiskum með ýmsum fremstu söngvurum og hljóðfæraleikurum landsins. Gerrit hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum flytjandi ársins 2010.

After graduating from the Rotterdam Conservatory, the Dutch born pianist and conductor, **Gerrit Schuil**, studied with John Lill and Gerald Moore in London, with Vlado Perlemuter in Paris and with the Russian conductor, Kirill Kondrashin. He has given solo concerts throughout Europe, the USA and Asia and performed with numerous singers and instrumentalists. In addition to having a very active conducting career for the Dutch Radio and the National Opera, he has conducted numerous other orchestras both in Europe and the USA.

Gerrit moved to Iceland in 1993, and soon became a leading figure in the music-scene of the country, e.g. by conducting the Iceland Symphony Orchestra, the Reykjavík Chamber Orchestra and the Icelandic Opera. He has also organized numerous festivals and concert-series, and recorded CDs with Iceland's best known singers and instrumentalists. In 2010 he was awarded the Icelandic Music Award as the Performer of the Year.



Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2010 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur. Síðar stundaði hún framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur lauk nýverið B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hún stjórnar kórum og leiðir tónlistarsmiðjur um allt land og syngur meðal annars með Schola Cantorum og Kór Íslensku óperunnar.

Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari hérlendis sem og erlendis og af nýlegum verkefnum má nefna Klassíkina okkar, opunar-tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Messiah og Judas Maccabaeus eftir Händel, Mattheusarpassíuna, Jóhannesarpassíuna og Jónaórátoríuna eftir Bach og Guðbrandsmessu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Hún söng nýlega hlutverk móðurinnar í Hans og Grétu hjá Íslensku óperunni. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.

Mezzo-soprano **Hildigunnur Einarsdóttir** finished her ABSRM diploma at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts in 2010. She studied in Berlin with Janet Williams and Kathryn Wright in 2008-2009, and attended classes with Jón Þorsteinsson in Utrecht. She has appeared as a soloist with various orchestras in Iceland and abroad, with the focus on baroque music. Among the works she has sung are St. John Passion and Christmas Oratorio by Bach and The Messiah and Judas Maccabaeus by Händel.

Hildigunnur has premiered numerous compositions by Icelandic composers and has given several Lieder recitals. In September 2018 she sang in a live broadcast with the Iceland Symphony Orchestra. She has performed with number of choirs, including Schola Cantorum, the Choir of the Icelandic Opera and the Choir Academy of Lübeck. She was nominated as the Singer of the Year 2014 at the Icelandic Music Award.

Oddur Arnþór Jónsson barítón lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í óperu- og ljóðasöng við Mozarteum háskólann í Salzburg þar sem hann hlaut Lilli Lehmann viðurkenninguna fyrir framúrskarandi meistaraþróf. Hann hefur sungið fjölda hlutverka við Íslensku óperuna og má þar nefna *Don Giovanni*, *Figaro* í Rakaranum frá Sevilla og *Rodrigo* í Don Carlo. Meðal annarra hlutverka hans eru *Wolfram* í Tannhäuser, *Schaunard* í La bohème, *Prins Yeletsky* í Pique Dame og *Michael* í Brothers eftir Daníel Bjarnason, en fyrir það hlaut hann Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 sem söngvari ársins. Sem ljóðasöngvari hefur hann komið fram á Schubert hátíðinni í Vilabertran á Spáni og Garnier óperunni í París. Á Íslandi hefur hann sungið einsöng með virtustu kórum landsins og Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Af viðurkenningum sem Oddi hefur hlotnast má nefna Schubert verðlaunin og verðlaun sem besti ljóða- og óratóriu flytjandinn í Francesc Viñas keppninni í Barcelona. Hann sigraði í Brahms-keppninni í Pörtlach í Austurríki og varð þriðji í Schubert keppninni í Dortmund.

Baritone **Oddur Arnþór Jónsson** studied at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and the Mozarteum University Salzburg, where he graduated with distinction and was awarded the Lilli Lehmann Medal from the Mozarteum International Foundation. His opera roles include *Rodrigo* in *Don Carlo*,

Figaro in *Il Barbiere di Siviglia*, *Wolfram* in *Tannhäuser*, *Schaunard* in *La Bohème* and *Prince Yeletsky* in *Pique Dame*. His oratorio repertoire includes Bach's Passions, B-minor Mass, Christmas Oratorio and cantatas such as Handel's *Messiah* and *Solomon*, Rossini's *Petite Messe Solennelle* and Puccini's *Messa di Gloria*. As a recitalist he has sung *Winterreise* and *Schwanengesang* by Schubert, and Mahler's *Das Lied von der Erde* and *Lieder eines fahrenden Gesellen*.

In 2013 Oddur won first prize in the International Brahms Competition in Pörtlach, Austria, in 2014 he was awarded the Lied, Oratorio Performer and Schubert Prizes at the Francesc Viñas Competition in Barcelona and last year he was awarded the Singer of the Year by the Icelandic Music Award for his role as *Michael* in Daníel Bjarnason's opera, *Brothers*.

Guðrún Dalía Salómondóttir hóf píanónám 9 ára gömul hjá Steinunni Steindórsdóttur í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og fór svo í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Guðríður St. Sigurðardóttir var kennari hennar. Þaðan hélt hún til náms við Tónlistarskólann í Stuttgart, hjá Wan Ing Ong, og útskrifaðist árið 2007 með hæstu einkunn. Framhaldsnám stundaði hún í París hjá Thérèse Dussaut. Guðrún Dalía hefur hlotið fjölda styrkja og viðurkenninga, þar á meðal fyrstu verðlaun í píanókeppni EPTA í Salnum í Kópavogi 2006.

Út hafa komið tveir geisladiskar með leik hennar, *Sönglög Jórunnar Viðar* með Helgu Rós Indriðadóttur söngkonu og *Gekk ég aleinn*, lög Karls Ottós Runólfssonar með KÚBUS hópnunum. Guðrún Dalía hefur leikið einleik með Ungfónú og á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og starfar sem meðleikari og píanókenari við Tónlistarskóla Garðabæjar.

Born in Reykjavík, pianist **Guðrún Dalía Salómondóttir** studied at the Reykjavík College of Music and The State University of Music and the Performing Arts Stuttgart where she graduated in 2007. She continued her studies in Paris. Amongst her teachers were Guðríður St. Sigurðardóttir, Wan Ing Ong and Thérèse Dussaut. She performs regularly as soloist, chamber musician and frequently accompanying singers. In 2006 Guðrún Dalía won first price in the Icelandic EPTA-competition.

Together with soprano Helga Rós Indriðadóttir she recorded a CD with songs by composer Jórunn Viðar, released in 2009. In 2014, in collaboration with KÚBUS chamber group, a disk was released with songs by Karl Ottó Runólfsson. Guðrún Dalía works as accompanist and piano teacher at Garðabær Music School.

Kristín Einarsdóttir Mäntylä mezzósópran söng í kórum Langholtskirkju frá átta ára aldri og fékk þar sína fyrstu söngkennslu. Sem meðlimur *Graduale Nobili* söng hún inn á plötu Bjarkar Guðmundsdóttur *Biophilia* árið 2011 sem leiddi til tveggja ára tónleikaferðalags víða um heim. Hún útskrifaðist úr Söngskóla Reykjavíkur árið 2013 hjá Hörpu Harðardóttur og hóf haustið 2014 söngnám hjá Reginu Werner-Dietrich við Tónlistarháskólann í Leipzig. Kristín hlaut árið 2016 verðlaun *Junge Stimmen Leipzig* og í fyrra var hún valinn Bayreuth styrkþegi Richard Wagner félagans í Leipzig og styrkþegi Yehudi Menuhin, *Live Music Now Leipzig*. Óperuhlutverk hennar eru meðal annars *Fylgdarsveinn* í Töfraflautunni, *Blómastúlka* í Brúðkaupi Figarós, *Nireno* í Júlíusi Cesar eftir Händel og *Óli Lokbrá* í Hans og Grétu eftir Humperdinck.



Kristín Einarsdóttir Mäntylä received her first singing lessons as a member of a children choir in Reykjavík. As a member of the choir *Graduale Nobili* she sang on Björk's *Biophilia* album, which was followed by a two year world tour. Kristín graduated from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts in 2013 and studies now with Prof. Regina Werner-Dietrich at The University of Music in Leipzig. Kristín has appeared as a soloist on various occasions and frequently performs recitals in Iceland and Germany. In 2016 she received a price from the Junge Stimmen Leipzig and in 2018 she received the Bayreuth Stipendium from the Richard Wagner Verband and the Yehudi Menuhin - Live Music Now stipendium. Her opera roles include *Child-spirit* in the Magic Flute, the *Flower Girl* in the Marriage of Figaro, *Nireno* in Händel's Giulio Cesare and the *Sleep Fairy* in Humperdinck's Hänsel und Gretel.



Ágúst Ólafsson lauk meist-aragráðu í söng við Síbelfusar Akademiuna í Finnlandi. Hann hóf atvinnuferilinn sumarið 2000 og hefur síðan sungið á tónleikum víða, til dæmis í Berlínarfílharmóníunni og Wigmore Hall í Lundúnum, og unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Hannu Lintu, Petri Sakari og Paul McCreech.

Hlutverk hans hjá Íslensku óperunni eru meðal annars titilhlutverkið í *Sweeney Todd*, *Skugginn* í *Rake's Progress* og *Belcore* í Ástardrykknum sem færði honum Grímuverðlaun sem Söngvari ársins 2009. Á síðustu árum hefur Ágúst sungið hlutverk séra *Torfa* í Ragnheiði Gunnars Þórðarsonar, *Papagenó* í Töfraflautunni, *Fiorello* í Rakaranum í Sevilla, *Masetto* í Don Giovanni og *Angelotti* í Toscu.

Ágúst flutti ljóðaflokka Schuberts ásamt Gerrit Schuil á tónleikum Listahátíðar 2010 og hlutu þeir fyrir það Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjendur ársins. Ágúst vann einnig til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngvari ársins í sígildri og samtímatónlist 2013.

Ágúst Ólafsson graduated with a Master's degree in singing at the Sibelius Academy in Finland. He began his professional career in the summer of 2000. Since then he has appeared at such venues as the Berliner Philharmonie and Wigmore Hall in London, and worked with conductors such as Hannu Lintu, Petri Sakari and Paul McCreech. His roles at the Icelandic Opera are, among others, the title role in *Sweeney Todd*, *Shadow* in *Rake's Progress* and *Belcore* in the *Elixir of Love*, which brought him Gríman - The Icelandic Theatre Award in 2009. Recently, August has sung the roles of *Rev. Torfi* in *Ragnheiður* by Gunnar Þórðarson, *Papageno* in the Magic Flute, *Fiorello* in the Barber of Seville, *Masetto* in Don Giovanni and *Angelotti* in Tosca.

Ágúst received the Icelandic Music Award in 2010 along with pianist Gerrit Schuil for their performance of Schubert's Lieder and three years later Ágúst received the same award as the Singer of the Year in the classical and contemporary section.

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn *DIALOGUS* út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samín hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi



Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endur-útgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf Sigurjónsdóttir was born in Denmark and grew up in Iceland and studied the violin with concertmaster Björn Ólafsson at the Reykjavík College of Music. She furthered her studies at the Universities of Indiana and Toronto, followed by two winters as a stipendiary at the Banff School of Fine Arts in Canada. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal.

Hlíf has given numerous concerts both as a soloist and with various ensembles and orchestras. In 2014, MRS Classics released her disc *DIALOGUS* with works for solo violin, all of which were written for her. That disc has been highly acclaimed, e.g. by Voix des Arts, and one of Fanfare Magazine's critics, Maria Nockin, named it as one of the best CDs of the year 2015. In 2015 MSR Classics re-released the critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach, first released in 2008.

Hólmfríður Sigurðardóttir hóf píanónám sitt í Tónlistarskóla Ísafjarðar þar sem Ragnar H. Ragnar var aðalkennari hennar. Hún lærði síðan í Tónlistarháskólanum í München og lauk þaðan einleikara- og kennaraprófi. Að námi loknu settist hún að í Reykjavík og hóf störf við kennslu og píanóleik. Hún fór fljótlega að leika með söngvurum og hefur það verið aðalstarf hennar síðan, sem meðleikari við Söngskólann í Reykjavík og með kórum og söngvurum á tónleikum hér heima og erlendis.



Pianist **Hólmfríður Sigurðardóttir** started her musical education at Ísafjörður Music School under the instruction of Ragnar H. Ragnar. She furthered her studies at the Hochschule für Musik in München, Germany, where she graduated with a performer's and teacher's degree. After her studies she settled in Reykjavík and started a career as a pianist and a teacher. Very soon her main occupation became playing with singers, as an accompanist at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and with choirs and solo singers. She has performed in numerous concerts both in Iceland and abroad.



Michael Kneihls píanóleikari er dóttursonur Viktors Urbancics, fæddur í Vín og ólst þar upp. Hann nam við Tónlistarháskólann þar (MDW) klassískan píanóleik hjá próffessorunum Ossberger og Harrer, og jazzpíanóleik hjá Kohlich próffessor. Á árunum 1992-96 dvaldi hann í London og New York og aftur í New York árið 2000. Síðan 1997 hefur hann kennt við Tónlistarháskólann í Vín, bæði klassískan píanóleik og jazz.

Michael kemur oft fram á hátíðum og klúbbum þar sem jazz, salsa og rytmi, brasilísk tónlist og blús eru flutt. Hann hefur leikið inn á þrjá geisladiska, *Quintessence* sem kom út hjá Mons

Records og *Voyage* og *Sonhos* sem komu út hjá ATS Records. Michael hefur mikinn áhuga á tónlistaruppeldi og hefur sótt námskeið víða, meðal annars til Kína.

Börnin hans tvö sem með honum leika hér eru **Milena Dörfler**, fædd 2003 sem leikur á fiðlu, en lærir einnig á víólu og píanó og **Simon Dörfler**, sem er fæddur 2005 og leikur á selló. Þau hófu bæði sitt tónlistarnám fimm ára gömul og eru nú þegar margfaldir verðlaunahafar í hinum ýmsu tónlistarkeppnum. Þau eru nemendur í tónlistarmenntaskóla Vínarborgar.

Pianist **Michael Kneihls**, grandson of Viktor Urbancic, was born in Vienna and grew up there. He attended the University of Music and Performing Arts, studying the classical piano with Professors Ossberger and Harrer, and jazz piano with Professor Kohlich. In the years 1992-96 he stayed in London and New York and again in New York in 2000. Since 1997 he has been teaching at the University of Music and Performing Arts in Vienna, both classical piano and jazz piano.

Michael frequently performs in festivals and clubs with jazz, Brazilian music, Salsa and Rhythm&Blues. He has recorded three CDs; *Quintessence* released by Mons Records and *Voyage* and *Sonhos* released by ATS Records. He is very interested in musical education for talented youth and has attended courses widely, including in China.



His two children playing with him here are **Milena Dörfler** born 2003 and **Simon Dörfler** born 2005, students at the Music High School of Vienna. Milena plays the violin but also studies the viola and piano. Simon plays the cello. Both of them began their musical studies at the age of 5, and are already many times prize winners in various competitions.



Ísak Ríkharrósson hóf fiðlunám þriggja ára gamall og voru kennarar hans Lilja Hjaltadóttir, Auður Hafsteinsdóttir og Guðný Guðmundsdóttir. Að loknu námi við Listaháskóla Íslands fór hann til framhaldsnáms hjá Rudolf Koelman prófessor við Tónlistarháskólann í Zürich, lauk MA námi 2017 og stundar nú nám við einleikaradeild skólans. Hann leikur reglulega með strengjasveit skólans, ZHdK Strings, bæði sem meðleikari og einleikari, á tónleikaferðum um Sviss, Ítalíu, Tyrkland, Taíland og Ísland. Ísak hefur sótt námskeið og einkatíma hjá Lara Lev, Philippe Graffin, Thomas Zehetmair, Julia Fischer, Alexander Kerr, Sigurbirni

Bernharðssyni og Elfu Rún Kristinsdóttur auk annara.

Ísak hefur spilað með Sinfóníuhljómsveitinni í Liechtenstein og kammerhópnum Collegium Novum Zürich. Frá árinu 2012 hefur hann verið lausráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var einn af vinningshöfum sólistakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék einleik með henni annan fiðlukonsert Prokofievs í janúar 2012. Hann hlaut verðlaun Tónlistarsjóðs Rótarý á Íslandi árið 2017.

Ísak Ríkharrósson began his Suzuki violin studies when he was three years old. After finishing his studies with Guðný Guðmundsdóttir at the Iceland Academy of the Arts, he went to Switzerland. Currently, he studies towards a soloist diploma at the Zürich University of the Arts (ZHdK) in the class of Prof. Rudolf Koelman after having finished BA and MA degrees from the same school. He has played with the University's chamber orchestra, ZHdK Strings, in their concerts in Switzerland, Italy, Turkey, Thailand and Iceland, both as a member and a soloist. He plays as a substitute with the Iceland Symphony Orchestra, Collegium Novum Zürich and Sinfonieorchester Liechtenstein.

Ísak has taken lessons and master-classes in Iceland, USA, the Netherlands, Switzerland and Spain, e.g. with Philippe Graffin, Lara Lev, Alexander Kerr, Thomas Zehetmair, Julia Fischer, Sigurbjörn Bernharðsson and Elfa Rún Kristinsdóttir. In 2012 Ísak won the Iceland Symphony Orchestra's Young Soloist Competition and performed Prokofiev's 2nd concerto with the orchestra.

Martina Zimmerli lauk meistaranámi í sellóleik og hljóðfærakennslu frá háskólanum í Luzern í Sviss árið 2017. Þar lærði hún hjá sellóleikaranum Christian Poltéra. Á námsárunum sótti hún einnig tíma, meðal annars hjá Edward Rushton, Conradin Brotbek, Orfeo Mandozzi og Igor Karsko. Árið 2018 lauk hún námi frá Audiation Institut í Uster í Sviss. Tónlistarmiðlun er henni mikið hugðarefni og hún hefur tekið þátt í að þróa ýmsa viðburði í tónleikaröðinni Abendsfrüh í Zürich, og leikur einnig á selló á tónleikunum. Hún starfar sem selló kennari við tvo tónlistarskóla í Sviss, kennir tónlist á grunnskólastigi í LIPSchule Zürich og leiðir barna- og unglingakór í bænum Effretikon.



Martina Zimmerli finished her Master's degree in cello performance and pedagogy in 2017 from the University of Music in Lucerne where she studied with Christian Poltéra. During her studies she also took lessons from Edward Rushton, Conradin Brotbek, Orfeo Mandozzi and Igor Karsko. In 2018, she graduated from the Audiation Institute in Uster Switzerland.

Martina is interested in many forms of music mediation and has developed many types of events for the concert series

Abendsfrüh in Zürich, as well as performing there. She works as a cello teacher in two music schools in Switzerland, teaches music at an elementary school level in the LIPSchule Zürich and leads a children and youth choir in the town of Effretikon.

Þóra Kristín Gunnarsdóttir hóf tónlistarnám sitt á Akureyri og lærði síðar hjá Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík. Árið 2011 hóf hún framhaldsnám hjá Yvonne Lang í Luzern í Sviss og lauk þaðan meistaraþáðu 2017 í píanókennslu og píanóleik með samspil sem aukagrein, og hlaut hæstu einkunn fyrir lokatónleika sína. Jafnframt sótti hún reglulega kammermúsíktíma, meðal annars hjá Igor Karsko og Edward Rushton. Haustið 2017 hóf hún nám í samspili og meðleik við listaháskólann í Zürich, þar sem aðalkennari hennar er píanóleikarinn Friedemann Rieger. Einnig sækir hún tíma hjá öðrum kennurum, meðal annarra Eckart Heiligers sem er píanóleikari Trio Jean Paul. Hún sækir einnig námskeið í einleik, ljóðandirleik og kammertónlist.



Þóra hefur tvisvar hlotið styrki úr styrktarsjóði Birgiss Einarssonar, 2014 og 2017, og styrki frá KEA 2011 og 2018. Samhliða náminu sinnir Þóra píanókennslu og kemur fram á tónleikum á Íslandi og í Sviss með hinum ýmsu söngvurum og hljóðfæraleikum.

Þóra Kristín Gunnarsdóttir began her musical studies in Akureyri and later studied with Peter Máté at the Reykjavík College of Music. She moved to Lucerne in Switzerland in 2011 and completed her Master's degree in piano performance and pedagogy with chamber music as a minor subject in 2017 receiving a top mark in her final exam. Her teacher was Yvonne Lang, but she also attended the chamber music master-classes of Igor Karsko and Edward Rushton. In the fall of 2017, Þóra began her studies in chamber music and vocal accompaniment at the Zürich University of the Arts where her main teacher is Friedemann Rieger. She also takes lessons with Eckart Heiligers, pianist of Trio Jean Paul. She often attends master-classes for solo performance, vocal accompanying and chamber music.

Þóra teaches piano and performs in concerts both in Iceland and Switzerland with various singers and instrumentalists.



Finnur Ágúst Ingimundarson hefur numið í Þýskalandi, Noregi og Frakklandi, en leggur nú stund á meistaranám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hann hefur komið víða við á fjölbreyttum starfsferli, unnið á síldarvertíðum og í ferðaþjónustu, verið vetrarmaður á sauðfjárbúi og fengist við kennslu og þýðingar, svo fátt eitt sé nefnt. Hann hefur sungið í kórum bæði héraendis og erlendis og er nú félagi í Kór Langholtskirkju.

Finnur Ágúst Ingimundarson has studied in Germany, Norway and France, and is now pursuing his Master's degree in Icelandic studies at the University of Iceland. His variable occupations include working in the tourism and fish industry, as a shepherd, teacher and translator. He has sung in choirs, in Iceland and abroad, and is currently a member of the Langholtskirkja Choir in Reykjavík.

Hlín Pétursdóttir Behrens sópran stundaði söngnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og framhaldsnám við óperudeild tónlistarháskólans í Hamborg. Að loknu námi starfaði hún um áratugs skeið sem söngkona í Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Frakklandi og var m.a. fastráðin við Pfalztheater Kaiserslautern 1995-97 og við Staatstheater am Gärtnerplatz í München 1997-2004. Meðal óperuhlutverka hennar eru *Zerlina*, *Despina*, *Blonde*, *Erste Dame*, *Papagena*, *Olympia*, *Frasquita*, *Sophie* og *Fiakermilli*, auk fjölda óperettuhlutverka. Hér heima hefur Hlín sungið hlutverk *Musetta* í *La bohème* eftir Puccini, *Clorinda* í *Öskubusku* eftir Rossini og *Ännchen* í *Galdraskyttunni* eftir Weber.



Hlín kemur reglulega fram á kirkjutónleikum, og hefur sungið öll helstu verk kirkjubókmenntanna. Hún heldur ljóðatónleika, bæði hér heima og erlendis og syngur einnig kammermúsík og nútímatónlist. Hún hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands en starfar nú á Austurlandi og kennir við Tónlistarskólana á Egilsstöðum og í Fellabæ.

The soprano **Hlín Pétursdóttir Behrens** studied singing at the Reykjavík College of Music and the Hochschule für Musik und Theater in Hamburg. In the years 1992-2004 she performed in various opera houses in Germany, Austria, Switzerland and France and was under contract in Pfalztheater Kaiserslautern 1995-97 and Staatstheater am Gärtnerplatz 1997-2004. Her roles include *Zerlina*, *Despina*, *Blonde*, *First Lady*, *Papagena*, *Olympia*, *Frasquita*, *Sophie* and *Fiakermilli*, as well as numerous operetta roles. In Iceland she has sung the roles of *Musetta* in *La Bohème*, *Clorinda* in *La Cenerentola* and *Ännchen* in *Freischütz*. In concert she has sung all major works of the church music repertoire and in chamber music projects she concentrates on twentieth century music and contemporary works.

Hlín lives in Iceland and continues giving concerts in Iceland and abroad, concerts and Lied recitals. She has taught at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts but now resides in East-Iceland, teaching in Egilsstaðir and Fellabær.



Ögmundur Þór Jóhannesson lauk meistaraþráðu 2008 með hæstu einkunn frá Universität Mozarteum í Salzburg og annarri meistaraþráðu frá Maastricht Conservatorium í Hollandi árið 2012. Honum hafa hlotnast viðurkenningar og verðlaun, svo sem í hinni alþjóðlegu Agustín Barrios keppni í Suður-Frakklandi og árið 2011 hlaut hann verðlaun í alþjóðlegu gítarkeppnunum í Bangkok og í Tokyo. Árið 2005 var hann valinn styrkþegi Jean-Pierre Jaquillat minningarsjóðsins.

Ögmundur hefur komið fram á flestum tónleikaröðum og hátíðum á Íslandi, svo sem í Salnum í Kópavogi, á Myrkum Músíkdögum og Norrænum músíkdögum 2011. Erlendis hefur hann leikið einleik, meðal annars í Brasilíu, Chile, Ísrael, Kína, Taiwan, Bandaríkjunum, Bretlandi, Rússlandi, Frakklandi, Austurríki og Þýskalandi. Hann hefur haldið námsskeið á Íslandi, Bandaríkjunum, Kína og Chile. Ögmundur er einn listrænna stjórnenda Midnight Sun Guitar Festival Reykjavík, og Myanmar International Guitar Festival. Hann er einn af stofnendum Global Guitar Institute í Hong Kong.

Ögmundur Þór Jóhannesson graduated with a Master's Degree from the Mozarteum University in Salzburg in 2008 and a second Master's Degree from the Conservatorium Maastricht in 2012. He is a prize-winner of several international guitar competitions, such as the Agustín Barrios International guitar competition in France, 2003. Ögmundur has performed at concert series in Europe, North and South America and the Middle East. Since 2013, he has been active in Asia and is invited regularly as a guest performer to guitar festivals in Myanmar, Thailand, Malaysia, Indonesia, Vietnam, Hong Kong and Mainland China.

Ögmundur's teaching includes master-classes at the Iceland Academy of the Arts, Washington University and Manhattan School of Music in USA and conservatories in Chile, Bangkok, Guangzhou and Tianjin. He is one of the artistic directors of the Midnight Sun Guitar Festival in Reykjavík and the Myanmar Guitar festival as well as one of the co-founders of the Global Guitar Institute and GFABRSM in Hong Kong.

Sýningar í Listasafni Íslands sumarið 2019
Exhibitions in the National Gallery of Iceland, summer 2019
Main Building – Fríkirkjuvegur 7



Hulda Hákon,
*ENJOYING THE
MIDNIGHT SUN*
(DETAIL) |
Í miðnætursól
(hluti), 2016.

HULDA HÁKON / HVERRA MANNA ERTU?
YFIRLITSSÝNING Á VERKUM HULDU HÁKON

Listasafn Íslands efnir til yfirlitssýningar á verkum Huldu Hákon sem á nú að baki hátt í fjörutíu ára feril. Hulda markaði sér fljótt sérstöðu í íslenskrri listasögu bæði í efnisvali og myndmáli. Flest verka hennar eru lágmyndir og eru elstu verkin gerð úr spýtnabraki. Lágmyndirnar sem hún smíðaði þóttu frumleg viðbót við flóru Nýja málverksins og óvænt andsvar við hið ríkjandi taumleysi sem einkenndi listsköpun ungs fólks á fyrri hluta níunda áratugar síðustu aldar.

Verkin á sýningunni spanna allan feril Huldu, frá 1983 til 2019. Auk þeirra sýnir Listasafn Íslands viðtalsmynd við listamanninn sem unnin var sérstaklega í tengslum við sýninguna.

HULDA HÁKON / WHO ARE YOUR PEOPLE?
HULDA HÁKON RETROSPECTIVE

The National Gallery of Iceland holds a retrospective of the work of Hulda Hákon, whose career in art spans nearly forty years. Hulda soon established a special place for herself in Icelandic art history, with respect to both media and imagery. Most of her works are reliefs, and her earliest pieces were made with scraps of timber. The reliefs were seen as an innovative addition to the flora of neo-expressionism, and an unexpected riposte to the wildness that typified the work of young artists in the early 1980s.

The works in the exhibition span Hulda's entire career, from 1983 to 2019. In addition the National Gallery shows a video interview with the artist, made in connection with this exhibition.




Svavar Guðnason.
*Íslandslag / Iceland's
Melody*, 1944

FJÁRSJÓÐUR ÞJÓÐAR

Í fórum Listasafns Íslands eru á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni er úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga.

TREASURES OF A NATION

A fair selection of works from the collection of the National Gallery of Iceland which displays the evolution of art in Iceland from the early nineteenth century to our times.



Steina. Steinunn
Bjarnadóttir Vasulka,
Violin Power I, 1970–1978
Videó, 10,04 mín.

VIOLIN POWER I
Í VASULKA-STOFU / VASULKA CHAMBER

Violin Power I er fyrsta sjálfstæða verk Steinu sem hún sýndi í árdaga *The Kitchen*, sýningarsalar, leikhúss og tilraunastofu sem þau hjónin Steina og

Woody Vasulka ráku í aflögðu eldhúsi í kjallara Broadway Central-hótel-
ins í New York. Verkið vann hún á árunum 1970–1978. Í þessu sjálfstæða
verki getum við fylgst með þróun hennar sem listamanns frá því hún á sí-
num yngri árum æfir sig á fiðluna og dansar síðan gegnum árin, allt þar til
hún tekur undir með Bítlunum í laginu „Let it be“ sem æðrulaus þroskaður
listamaður. Kaflaskipt stigmögnun og hrynjandi einkenna fjörukt mynd-
skeiðið þar sem dans listakonunnar umbreytist í eins konar táknmynd
menningar sem líkja má við óstöðvandi náttúruafl.

Violin Power I is Steina's first autonomous work, shown in the early days
at *The Kitchen*, a gallery/theatre/laboratory run by Steina and her husband
Woody Vasulka in what had been a kitchen in the basement of the Broad-
way Central Hotel in New York. She made the work in 1970–78. In this
autonomous work we can observe Steina's development as an artist, from
playing the violin in her youth and dancing in later years, to singing along
to the Beatles' *Let it Be* as a stoical, mature artist.



Ásgrímur Jónsson. Nátttrölllið | *The Night-Troll*, 1950-55

Safn Ásgríms Jónssonar / Ásgrímur Jónsson Collection

KORRIRÓ OG DILLIDÓ - Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar

Myndheimur íslenskra þjóðsagna og ævintýra sem Ásgrímur Jónsson
skapaði með verkum sínum er sannkallaður töfraheimur. Álfar, tröll og
draugar, sem lifað höfðu með óljósum hætti í hugskoti þjóðarinnar í rökkri
baðstofunnar, taka á sig skýra mynd í þessari sýningu.

KORRIRÓ OG DILLIDÓ - Pictures of folklore and fairy tales by Ásgrímur Jónsson.

The visual world of Icelandic folklore and fairytales created by Ásgrímur
Jónsson in his art is a truly enchanted realm. Elves, trolls and ghosts, which
had lived a nebulous existence in the Icelandic mind in the semi-darkness of
the old turf farmhouse, were given a clear form in Ásgrímur's art.



Sigurjón Ólafsson, *Visifingur* | *Index-Finger*, 1978,
Ljósmynd / Photo: Hörður Danielsson

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar / Sigurjón Ólafsson Museum

TENGINGAR - SIGURJÓN ÓLAFSSON OG NOKKRIR SAMFERÐAMENN HANS

Í tilefni þess að þann 21. október 2018 voru liðin 30 ár frá því að Listasafn
Sigurjóns Ólafssonar var opnað almenningi, er efnt til sýningar þar sem
fjórtán myndlistarmenn, sem allir tengdust Sigurjóni og list hans með einum
eða öðrum hætti, eiga samtál við verk Sigurjóns í fyrrum vinnustofu hans.

CONNECTIONS – SCULPTURES BY SIGURJÓN ÓLAFSSON AND SOME OF HIS CONTEMPORARIES

The thirtieth anniversary of the opening of the Sigurjón Ólafsson Museum,
21 October 2018, is marked by an exhibition in which fourteen artists, all of
whom had some connection with Sigurjón and his art, engage in dialogue
with Sigurjón's works, in his former studio.



Educated in Denmark, sculptor Sigurjón Ólafsson (1908–1982) was one of the pioneers of modernistic art in Iceland. He also developed the realistic style that characterizes his portrait busts and statues. He has been named one of his century's most important portrait sculptors.

The Sigurjón Ólafsson Museum was founded in 1984 by the artist's widow, Birgitta Spur. She had his studio converted to a museum building, which was opened for public in 1988. In 2012 she donated the museum, including a large collection of Sigurjón Ólafsson's sculptures, to the National Gallery of Iceland. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara ásamt heimildum um listamanninn og er miðstöð rannsókna á list hans. Safnið var stofnað af ekkju listamannsins, Birgittu Spur, og rekið sem sjálfseignarstofnun til 2012 að hún afhenti það Listasafni Íslands. Nú er það rekið sem deild innan þess.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar/ Sigurjón Ólafsson Museum

Laugarnestangi 70, IS-105 Reykjavík, Iceland
Kaffistofa / Café
Tel: (+354) 553-2906
www.listasafn.is / www.LSO.is
LSO@LSO.is

